

## Tillaga um rafræn aukaping

Í 4. mgr. 9. gr. samþykktá SSNE er kveðið á um heimild til að halda aukaping með rafrænum hætti í gegnum fjarfundarbúnað. Þar er gengið út frá þeirri meginreglu að aukaping séu staðarfundir. Öllum er ljóst hversu mikið fjarfundir spara, bæði tíma og peninga. Í ljósi þeirrar góðu reynslu sem komin er á fjarfundi og það að halda þing í fjarfundi telur stjórn SSNE rétt að snúa þessu við og hafa þá meginreglu að aukaping séu haldin rafrænt í gegnum fjarfundarbúnað en heimild verði til að halda aukaping í staðarfundi.

Stjórn SSNE leggur fram eftirfarandi tillögu:

4. mgr. 9. gr. samþykktá SSNE verði svohljóðandi:

*„Aukaping skal halda með rafrænum hætti í gegnum fjarfundabúnað, enda sé tryggt að almenningur og aðilar með málfrelsis- og tillögurétt hafi viðeigandi aðgang að fundinum. Heimilt er að halda aukaping í staðarfundi sé talin þörf á. Þess skal skýrt getið í fundarboði skv. 7. gr. hvort um rafrænt þing í gegnum fjarfundarbúnað eða staðarfund er að ræða.“*